

gat spilað og drukkið með, sem voru jafn orðvondir og hanu og skoðuðu lífið í þessum heimi og öðrum frá sama sjónarmiði og hann.

Einn morguninn rakst Desrolles á enskt blað, viku gamalt, sem sagði frá fyrstu yfirheyrslunni yfir Jóni Teverton. Desrolles starði á blaðið með meðvitundarlausri undrun. Þvi hugur hans var umkringdur af *absinth*-þöku; og reyndi að gera sér grein fyrir, hvaða áhrif þessi málsókn á Jón Treverton gæti haft á forlög sín.

Nafn hans var ekki nefnt í blaðinu, svo ennþá var hann óhultur, en samt var ekki unt að vita, hvað ske kynni, þegar rannsókn af þessari tegund var hafin.

"Þetta er mjög skæmt", hugsaði Desrolles. Málið var dautt, að minna álit. Það er eflaust prestssonurinn, sem hefir komið til sögunnar og vakið það upp aftur".

Eg má líklega til að fara til Ameríku, til að vita mig úr allri hættu, en hvað verður þá um styrktarféð, sem þeir Lára og Jón hafa lofað mér? Þau svifta mig því, ef til vill, þegar ég er kominn vestur um hafið".

Hann heimsótti gúfuskípa-skrifstofu og fékk þar lista yfir öll gúfuskíp, sem áttu að fara frá Havre til Ameríku næstu 6 vikurnar. Skjal þetta bar hann í vasa sínum í 2 eða 3 daga og las það yfir, þegar hann hafði tíma til. Hann mundi nöfn skipanna og stærð, en var ekki búinn að ákveða, með hvaða skipi hann helst vildi fara. *La Reine Blanche* ætlaði til Valparaiso að viku liðinni, og *Zenobie* til Rio Janeiro að 14 dögum liðnum. Hann var í efa um, hvort þessara skipa hann ætlaði með.

Hann átti 60 pund til og ferðin kostaði 50, svo afgangurinn var ekki mikill.

Loksins ákvað hann að fara með *La Reine Blanche*. Hann fór til *Belle Jardiniere*, fékk sér snotran fatnað og ferðatösku og fór þaðan til umboðsmannsins til að fá sér farseðil.